



Reykjavík, 9. apríl 2024  
MSS23050179

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð  
**Sendandi:** Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

---

### **Efni: Drög að umsögn um aðgerðaráætlun 2024-2026: Þátttaka Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum.**

Á fundi forsætisnefndar 1. mars 2024 var samþykkt að vísa aðgerðaráætlun 2024-2026: Þátttaka Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum til umsagnar hjá fagráðum Reykjavíkurborgar.

Lagt er til að menningar, íþrótt og tómstundaráð samþykki eftirfarandi umsögn um **aðgerðaráætlun 2024-2026: Þátttaka Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum.**

Í þessari umsögn er tekið undir mikilvægi þess að Reykjavíkurborg sækir markvisst fram í alþjóðasamstarfi og þeim tækifærum sem felast í þátttöku í slíkum samstarfsverkefnum.

Þátttaka í alþjóðlegum samstarfsverkefnum er með margvíslegum hætti á sviði menningar og íþrótt. Verkefni og stofnannir sviðsins eru áberandi í alþjóðsamstarfi. Ber þar helst að nefna Listasafn Reykjavíkur, Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Tónlistarborgina Reykjavík auk þess sem Hitt húsið hefur tekið þátt í fjölmörgum erlendum samstarfsverkefnum. Nýleg var tímamótasamningur undirritaður á milli Hins Hússins og Eurodesk sem er eitt af stoðverkefnum Erasmus+ styrkjaáætlun ESB fyrir mennta-, æskulýðs- og íþróttamál. Með samningnum hefur Hitt Húsið fengið hlutverk svokallaðs margfaldara (e. multiplier) og sér um að miðla upplýsingum til sinna skjólstæðinga um verkefni Eurodesk.

Í Menningarstefnu Reykjavíkurborgar eru mörg sóknartækifæri sem styðja við aðgerðaráætlunina þar er m.a. áréttað að Reykjavík eigi að verða heimsþekkt menningarborg og að í borginni verði framúrskarandi aðstæður til listsköpunar. Í kafla sjö er lögð áhersla á að Reykjavíkurborg er alþjóðleg borg lista og laðar að sér listafólk og njótendur lista og menningar frá öllum heimshornum. Sömuleiðis er áhersla lögð á að efla samstarf innanlands og á alþjóðavettvangi í listum, þannig að stofnanir, viðburðir og verkefni borgarinnar í listum leggja rækt við alþjóðlegt samstarf. Borgin vill einnig styðja við sjálfstæð verkefni sem efla alþjóðlegt samstarf liststarfsemi í Reykjavík.

Þar sem aðgerðaráætlun þessi fellur undir eina af fjórum megináherslum alþjóðarstefnunnar (Þekkingarmiðlun) þar sem þriðji liður fjallar um ný atvinnutækifæri framtíðar, má minna á að menning og listir hafa mikilvægu samfélagslegu hlutverki að gegna, þær eru veigamikil stoð í fjölbreyttu atvinnulífi sem fjölmargir starfa við og hagræn áhrif þeirra skipta verulegu máli.

Listsköpun byggir oft á rannsóknum sem skapa nýja þekkingu og nýja sýn á hlutina. Listsköpun á því margt sameiginlegt með frumrannsóknum. Hugvit einstaklinga er mikilvægasta uppspretta nýsköpunar. Nýsköpun þarf að vera samofin menningu,



**Reykjavík**



Samfélagi og efnahagslífi og leggja þarf aukna áherslu á að menningarstarfsemi sé fjárfesting til framtíðar, ávísun á aukna verðmætasköpun og fjölbreytt og dýrmæt störf.

Við tökum undir þá áskorun að bæta þurfi stjórnsýslulega umsýslu umsókna til að tryggja að þær séu í takt við þarfir borgarinnar og að auka þarf vitund og áhuga innan sviða borgarinnar í þeim tækifærum sem þátttaka í rannsóknaráætlun hefur í för með sér. Þá mætti efla fagsvið borgarinnar í að taka þátt í ákvarðanatöku um þau verkefni sem valið er að fara í.

Sérstakar athugasemdir varðandi einstaka liði aðgerðaráætlunarinnar:

**Markmið á glæru 6.**

Markmið aðgerðaráætlunarinnar styðja ágætlega við aðgerðaáætlun Menningarstefnu Reykjavíkurborgar sérstaklega kafla 6. Listir eru mikilvæg atvinnugrein í Reykjavíkurborg og kafla 7. Reykjavíkurborg er alþjóðleg borg lista.

**Innleiðing á glæru 8**

Alþjóðahópur - Mikilvægt er að tryggja aðkomu menningar og íþróttasviðs að Alþjóðahópi bæði þar sem verkefni og stofnannir sviðsins eru mjög virkir þátttakendur í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og til að tryggja val á nýjum verkefnum. Sérstaklega ef huga á að nýjum atvinnutækifærum framtíðar, en menning og skapandi greinar eru nú viðurkenndur atvinnuvegur samhliða frumframleiðslu, iðnaði og þjónustu.

Virðingarfyllst,



Eiríkur Björn Björgvinsson

Hjálagt:  
Bréf forsætisnefndar dags. 6. mars 2024  
Drög að aðgerðaráætlun  
Skýrsla Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsýslu